

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/305*  
*komudagur 30.11.2005*



**VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS**

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Dags. 28. nóvember 2005  
Tilv. 012/6628/MJ/KG

**Efni:** Umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um öflun grunnagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta, 35. mál 132. löggjafarþings.

Í umsögn Veðurstofu Íslands dags. 12. febrúar 2003 um sama mál sagði orðrétt:

„Veðurstofa Íslands styður eindregið fyrrnefnda þingsályktunartillögu. Stofnuninni hefur lengi verið ljóst að mikið vantar upp á að skráning á náttúru landsins standist þær kröfur sem gerðar eru í okkar heimshluta. Náttúrufarsgögn og landmælingagögn er svo nauðsynlegur grunnur að allri vinnu á sviði umhverfis- og skipulagsmála, að segja má að skortur á þeim hindri eða tefji eðlileg vinnubrögð á mörgum sviðum, auk þess sem kostnaður við ýmis framkvæmdaverkefni verður mun hærrí en eðlilegt má telja.“

Til viðbótar þessu telur Veðurstofan eðlilegt að vekja athygli á að forsenda fyrir þekkingu og rannsóknnum á umhverfi og náttúru er, að til séu grunngögn sem aflað er í sífellu og yfir langan tíma. Slík gögn eru enn af skornum skammti hér á landi og engan veginn fullnægjandi til að Ísland geti borið sig saman við nágrannaríkin á þessu sviði eða uppfyllt samninga og aðrar skyldur. Þekking og öflun margs konar gagna um ástand lands, sjávar og lofts verður æ mikilvægara í allri viðleitni til sjálfbærrar þróunar, verndunar umhverfis og nýtingar auðlinda. Veðurstofan telur því að þessi þingsályktun sé góð byrjun á því mikla verkefni sem öflun margs konar grunnagna um náttúru og umhverfi Íslands er.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri

BÚSTADAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK  
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001  
NETFANG office@vedur.is